

Borgarráð,

Efni: Svör við spurningum Sósíalístaflokks Íslands vegna fjárhagsáætlunar 2020-2024

Hjálagt er að finna svör við spurningum Sósíalístaflokks Íslands vegna fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2020-2024 sem fram komi frá borgarfulltrúa Sönnu Magdalenu Mörtudóttur með bréfi þann 11. nóvember sl. Svörin eru unnin í samráði við viðeigandi svið og málaflokka.

1. Staða á kjarasamningum Reykjavíkurborgar og Eflingar.

Samtöl eru í gangi milli Reykjavíkurborgar og Eflingar og ekki hægt að skýra nánar frá viðræðum að svo stöddu.

2. Hver er framtíðarsýn í sölu byggingarréttargjalds? Er litið svo á að þetta eigi að tryggja jákvæða rekstrarafkomu borgarsjóðs til lengdar? Áður fyrr var lóðum úthlutað og ýmis gjöld greidd, þar helst gatnagerðargjaldið en lóðir voru ekki seldar í útboði til hæstbjóðenda. Hversu mikið er verið að treysta á sölu lóða og byggingarréttargjalds sem fjármögnunarleið?

Lóðir í Reykjavík hafa í mjög mörg ár verið auglýstar til sölu með útboðsfyrkomulagi og seldar hæstbjóðenda. Þetta er talin heppileg leið til að tryggja jafnræði og verður söluferlið gagnsætt. Eins fær sveitarfélagið sem hæst verð fyrir eignir sínar. Þær lóðir sem seljast ekki í útboðsferli eru seldar á föstu verði og eru nokkrar íbúðarhúsalóðir enn til sölu í Úlfarsárdal. Samkvæmt áætlun fyrir árin 2020-2024 er gert ráð fyrir að tekjur af sölu byggingarréttar skili borgarsjóði að meðaltali rúmlega 3 ma.kr. í tekjur á ári.

3. Í greinargerð kemur fram að „gjaldskrártekjur vegna þjónustu aukast um 2,5% til samræmis við tilmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við lífskjarasamninga dags 3. apríl 2019. Hvers vegna hækka ákveðnir liðir í gjaldskrá meira en það dæmi, 10 miða sundkort barna um 2,9%, árskort barna í sund 2,8%, sumarsmiðja hjá SFS hækkar um 2,9%

Ákvörðun um gjaldskrárhækkanir eru fundnar út með því að skoða allar tekjur sviðsins sem tengjast gjaldskrá. Dæmi: hjá ÍTR eru áætlaðar tekjur fyrir árið 2019 tengdar gjaldskrá 827,4 m.kr., áætlun gerir ráð fyrir að tekjur sviðsins af þessum liðum hækki um 2,5% fyrir árið 2020 eða 848,4 m.kr. Gjaldskráin þarf því að hækka um 2,5%.

Þegar gjaldskrá er hækkuð er einnig horft til þess að hækkanir séu þægilegar í afgreiðslu og framkvæmd og því er reynt að láta gjaldskrána hlaupa á 100 krónum og 10 krónum, í einstaka tilviki 5 krónum. Niðurstaðan er sú að 10 skipta sundkort barna er hækkað í 1.060 kr. í stað 1.056 kr. sem hefði verið nákvæm 2,5% hækkun og sama er að segja um árskort barna í sund sem hækkar í 10.900 kr. í stað 10.865 kr. Hins vegar voru 6 mánaða sundkort barna hækkuð minna en 2,5%, hækkaði í 6.750 kr. í stað

6,765 kr. og stakt barnagjald var ekki hækkað milli ára en hefði miðað við 2,5% hækkun átt að fara úr 160 kr. í 164 kr.

	2020	2019	2020-2019
Lýsing	Verð nú	Verð var	Hækkun hlutf.
Stakt gjald börn	160	160	0,00%
10 miða kort barna	1.060	1.030	2,91%
6 mánaða kort barna	6.750	6.600	2,27%
Árskort barna	10.900	10.600	2,83%

Sama á við um sumarsmiðju SFS þar sem gjaldskrá er hækkuð í 720 kr. í stað 718 kr.

4. Hversu margir fengu úthlutað félagslegri íbúð í október 2019?

Í október 2019 var úthlutað 15 íbúðum sem eru almennar félagslegar leiguíbúðir og 4 þjónustuíbúðum.

5. eru fækkun á biðlista eftir félagslegri leiguíbúð öll tilkomin vegna úthlutana?

Ekki er hægt að segja með vissu hver sé ástæðan fyrir fækkun á biðlista eftir almennum félagslegum leiguíbúðum en þrír þættir spila þar saman. Í fyrsta lagi, fjöldi úthlutana sem er að hluta til vegna fjölda nýrra íbúða í eignasafni Félagsbústaða. Í öðru lagi er ekki ólíklegt að nýjar reglur séu að einhverju leyti að hafa þau áhrif að þeir sem áður fengu samþykkt að fara á biðlista ná ekki þeim viðmiðum í dag. Í þriðja lagi má ætla að almennur leigumarkaður sé að taka við sér.

Tekið skal fram að ekkert af þessu nema fyrsta atriðið er hægt að segja til um með vissu. Velferðarsvið telur að enn sé of snemmt sé að skoða áhrif nýrra reglna þar sem of stuttur tími er liðinn frá gildistöku þeirra og ekki hefur verið gert nýtt mat fyrir alla.

6. Hefur hækkun launa almennt sem átt sér stað upp á síðkastið ekki leitt til aukinna útsvarstekna inn í borgarsjóð, þ.e.a.s. hærri laun borgarbúa leiði til meiri tekna fyrir borgarsjóð og því er spurning hvort þörf sé á öllum þessum gjaldskrárhækkunum?

Vísað er í svar fjármála- og áhættustýringarsviðs dags. 26. nóvember 2019 við fyrirspurn sem kom fram á fundi borgarstjórnar þann 5. nóvember sl. sama efnis.

7. Í gjaldskrá ÍTR sem var samþykkt á síðasta borgarstjórnarfundi (í fyrri umræðu fjárhagsáætlunargerðar) er liður undir „Sundstaðir“ sem heitir skólasund/hópar. Hvað er það? Er þetta gjaldið fyrir kennsluna, það er að segja, þá sem kenna?

Skólasund/hópar er það gjald sem ÍTR (íþrótt- og tólmstundasvið) rukkar SFS (skóla- og frístundasvið) eða skólana fyrir og er það sama fyrirkomulag og hefur verið í fjölda ára. Þegar skólabörn koma í sund þá greiðir skólinn þetta gjald til sundlaugarinnar fyrir hverjar 15 nemendur sem koma í sund. Þetta eru í raun millivíðskipti milli ÍTR og SFS og hefur engin áhrif á almenning.

8. Þegar það er talað um „Æringa“ í gjaldskrá Borgarbókasafns Reykjavíkur, er það þá Sögubílinn Æringi? Er gjaldið í gjaldskránni, fyrir þá sem eru ekki borgarstofnanir og vilja leigja bílinn?

Já, það er verið að tala um Sögubílinn Æringja. Hægt er að fá sögubílinn í heimsókn á leikskóla og frístundaheimili í borginni án endurgjalds. Einnig er hægt að panta hann á hverfahátíðir eða aðra viðburði í borginni gegn greiðslu. Gjaldið er þá fyrir þá sem ekki eru borgarstofnanir og vilja leigja bílinn. Ekki er leigt til einstaklinga, en stundum er hann leigður til annarra bókasafna/hátíða í nágrenni Reykjavíkur og þá gegn gjaldi.

9. Geta samtök fengið afslátt af salarleigu sem menningar- og ferðamálasvið býður upp á?

Nei, farið er eftir samþykktri gjaldskrá við leigu á sölum í Borgarbókasafninu Gerðubergi.

Í gildi er gjaldskrá fyrir útleigu á sölum í Listasafni Reykjavíkur. Afsláttur er veittur þegar um er að ræða góðgerðarmál og fer hann þá eftir umfangi fundar eða viðburðar.

10. Öryrkjar fá frítt á öll söfn Reykjavíkurborgar, er það gegn framvísun korts sem staðfestir slíkt? Áður fyrr gaf Tryggingastofnun ríkisins slíkt út en gerir það ekki lengur, þar sem viðkomandi þarf að prenta út staðfestingu sem er því í pappírformi. Stendur öryrkjum til boða að fá menningarkort Reykjavíkurborgar til að þurfa ekki alltaf að vera að framvísa staðfestingu á pappírformi frá Tryggingastofnun Ríkisins?

Frír aðgangur öryrkja að safnhúsum Listasafns Reykjavíkur er háður framvísun staðfestingar sem gefin eru út af Tryggingastofnun.

Öryrkjar fá ókeypis bókasafnskort gegn framvísun staðfestingar á söfnum Borgarbókasafns en ekki menningarkort.

11. Afhverju er verðhækkun á síðdegishressingu ólík í prósentum talið miðað við fjölda daga á frístundaheimilum, þ.e.a.s. verðið fyrir síðdegishressingu hækkar um 2,8% fyrir 2 daga en 2,5% fyrir 5 daga en 2,6% fyrir 1 dag og 3 daga.

Fæðisgjaldið er rúnnað af svo það endir á 5 eða 20 kr., munur í fjárhæð er 1 – 4 kr.

12. Þegar það er talað um heimili fyrir utangarðsmenn í gjaldskrá velferðarsviðs, er það þá áfangaheimili líkt og Brautin við Snorrabraut? Er þetta þá í raun hækkun á leigu, þegar verðið hækkar á milli ára?

Já brautin er áfangaheimili og leigan hækkar á milli ára í samræmi við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar, hún mun hækka um 2,5% frá árinu 2019 til 2020. Erum einnig með heimili fyrir utangarðsmenn og tvígreinda karlmenn og mun leigan einnig hækka á þeim stöðum um 2,5%.

13. Spurning sem snýr að tillögu sem ég hef áður lagt fram og snýr að útreikningi: Hver yrði heildarsparnaður Reykjavíkurborgar á ársgrundvelli ef að borgarfulltrúar fengu ekki greitt aukalega ofan á grunnlaun fyrir setu í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar sem fara fram á vinnutíma.

Í eftirfarandi töflu er að finna samantekin laun borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa á ársgrundvelli m.v. launagreiðslur 1. okt. 2019. Álagsgreiðslur nema um 110 m.kr.

Launaútkoma borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa frá og með 1. október 2019			
á ársgrunni	12		
	Full laun með starfskostnaði	Án álags	Mism
Grunnlaun	262.147.417	262.147.417 kr.	
Skerðing	0		- kr.
Formennskuálag	18.331.987		18.331.987 kr.
Forseti og oddvitar	18.331.987		18.331.987 kr.
Borgarráð	29.789.479		29.789.479 kr.
3 nefndir	25.206.482		25.206.482 kr.
Starfskostnaður	20.521.008	20.521.008 kr.	
Laun	374.328.361 kr.	282.668.425 kr.	91.659.936 kr.
Launatengd	74.865.672 kr.	56.533.685 kr.	18.331.987 kr.
Laun og launatengd	449.194.033 kr.	339.202.110 kr.	109.991.923 kr.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs